

Nd.

202. Frumvarp

til laga um breyting á almennum hegningarlögum, 25. júní 1869.

Flutningsmaður: Jón Ólafsson, Sunnmýlinga-þingmaður.

1. gr.

217.—221. gr. XXI. kapítula almennra hegningarlaga 25. júní 1869 er úr lögum numinn.

2. gr.

Að bera manni á brýn glæp, þann er svívirðilegur er í almennings-áliti, varðar sektum alt að 200 kr., eða fangelsi, alt að 6 mánaða.

Sé þetta gert á prenti, svo að áburðurinn berist út, varðar það fangelsi, eigi minna en þriggja mánaða einföldu fangelsi, eða fangelsi við einfalt fanga-viðurværi, eigi skemur en mánuð.

Sömu refsing varðar að nefna mann nokkru því nafni, er eigi væri heimild til, nema hann hafi framið slíkan glæp, sem áður er á vikið.

3. gr.

Nú telur maður misgert við sig, samkvæmt 2. gr. þessara laga, í blaði er út kemur mánaðarlega eða tíðar, og á hann þá, áður en sex vikur eru liðnar frá því er hann varð ummælanna áskynja, að snúa sér til þess, sem misgerði, munnlega við votta, eða skriflega í ábyrgðarbréfi og skora á hann að afturkalla meiðyrðin. Verði sá við áskoruninni og afturkalli ummælin hiklaust og afdráttarlaust og tjái með sæmilegum orðum í hins garð, er misgert var við, að sér þyki það mjög svo miður, að hann hafi viðhaft orðin og birti þetta í fyrsta tölublaði, sem út kemur af hinu sama blaði, sem út kemur þar á eftir, með jafnskýru og stóru lettri, sem á ummælunum voru, með skýrri fyrirsögn »Afturköllun« á þeim stað í blaðinu, er vel ber á, þá má ekki dæma hann í málskostnað í málinu, ef sá höfðar mál engu að síður, er fyrir ummælum varð, og dómari lítur svo á, að lögsóttur hafi fullnægt ummælum þessarar greinar um afturköllun, og sekt eða refsing skal þá vera helmingi léttari en ella.

4. gr.

Nú er þingmanni, blaðamanni eða öðrum manni, sem fæst við alþjóðleg mál eða almennings-mál, borið á brýn, að hann fylgi málum fyrir eiginna hagsmuna sakir, en eigi af þeim hvötum, er hann lætur í veðri vaka, þá varðar það sömu refsingum, sem væri honum svívirðilegur glæpur á brýn borinn, og fer um það svo sem mælt er í 2. og 3. gr. hér á undan.

Nú er slíkum ummælum beint að stjórn mála-flokki eða öðrum hóp manna eða flokki, þá er hver maður í þeim hóp eða flokki, sá er ætla má að ummælin geti við átt, réttur aðili sakar til sóknar í því máli. En ef höfundur eða ábyrgðarmaður ummælanna fullnægir afturköllunar-áskorun samkv. 3. grein, þá verður hann sýkn saka.

5. gr.

Nú er í blaði skýrt rangt frá orðum manna eða athöfnum í almanna-
málum, þá varðar það vítum eftir því, sem segir í 2.—4. gr. laga þessara.

6. gr.

Önnur blöð, sem prenta upp eða hafa eftir ummæli, sem vitaverð eru
samkvæmt þessum lögum, eru skyld að flytja leiðrétting eður afturköllun ókeypis,
þá er gerð er samkv. 3. gr. Beri ella alla ábyrgð, sem væru þau sjálf höfundar
ummælanna, og þarf eigi að skora sérstaklega á þau um, að flytja afturköllunina.

7. gr.

Nú er maður dæmdur fyrir ummæli í blaði, og er blaðinu þá skylt að
birta dóminn allan í heild sinni í 1. eða öðru tölublaði eftir að hann er fenginn
blaðinu til birtingar. Sæti ella dagsektum, og skal þær ákveða í dóminum.

Nú er blað undir lok liðið, er birta skyldi dóm eða afturköllun, og skal
sekur þá kosta birtinguna í þeim tveim blöðum, er sóknar-aðili kys.

8. gr.

Almenn hnjóðs-orð og skammyrði, óvirðingarorð og háðsyrði varða eigi
við lög, nema þau sé svo vaxin, að í þeim liggi aðdróttun um eitthvað það, sem
vitavert er talið í lögum þessum að bera manni á brýn.

Eigi varðar það við lög að nefna þann mann lygara, er ósatt segir viss
vitandi. Nú neitar maður afturköllun samkv. lögum þessum, og skal þá svo á
lita, að hann fari vissvitandi með ósannindi, ef hann hefir rangt hermt.

9. gr.

Málum, sem höfðuð eru eftir þessum lögum, verður eigi lengra skotið en
til hins æðsta innlenda dómstóls.